

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2009-2010

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	6
4.	Starfsmannahald	7
5.	Aðalnámskrá leikskóla.....	7
6.	Skólanámskrá	7
7.	Sérkennsla	7
8.	Fundir og önnur samskipti	8
9.	Símenntun	9
10.	Tölvumál	10
11.	Próunarverkefni	10
12.	Mat á skólastarfi	10
13.	Framkvæmdir	10
14.	Gjafir	11

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2009-2010
2. Dagatal
3. Barnið í brennidepli

1. Starfstími

Starfsárið var frá 10. ágúst 2009 til 2. júlí 2010. Í ársáætlun, sem send var til allra foreldra í október, er talið upp starfsfólk og vinnutími þess, starfið á deildunum og skipulags- og námskeiðsdagar. Sjá *fylgiskjal 1*.

Mánaðarlega er sent heim dagatal með matseðli og helstu viðburðum og fréttum. Sjá *fylgiskjal 2*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum.

Við höfum farið í íþróttahúsið með 3 hópa í hverri viku í vetur. Það hefur verið farið með hópa í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur. Einnig hefur verið farið í gönguferðir um skóginn og nágrennið og niður að Húseyjarkvíslinni. Elstu börn leikskólans hafa farið í heimsóknir inn í bekki í Varmahlíðarskóla og börn þaðan komið til okkar. Við notum skóginn við hliðina á leikskólanum reglulega. Þar höfum við komið upp aðstöðu þar sem börnin una sér vel. Farið er í hverri viku með litla hópa. Þau fá að tálga og saga, klifra og brasa það sem þeim dettur í hug.

Kristín Halla Bergsdóttir og Jóhanna Marín Óskarsdóttir héldu áfram með tónlistarkennslu einu sinni í viku á eldri deildinni og einnig af og til á yngri deildinni. Kristín Halla aðstoðaði elsta hópinn í maí við að setja upp leikrit um Mjallhvíti og dvergana sjö í tali og tónum. Það var flutt fyrir foreldra barnanna á útskriftarsamveru, sem voru formleg lok á hópastarfinu í elsta árganginum.

Haldið var áfram með verkefnið „Gaman saman“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, skapa félagsleg tengsl milli eldri og yngri barna og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga.

Helstu viðburðir í skólastarfinu í vetur voru eftirfarandi:

September

- Fimmtudaginn 24. var norskur dagur. Börnin aðstoðuðu við að gera kjötbollur, lituðu norska fánann og mynd af elg og við skoðuðum myndir frá Noregi.

- Mánudaginn 28. var farið í fjöruferð á Garðssand með Lerkihóp (næst elsta árgangur leikskólans). Það var stillt veður en frekar kalt og frosið í fjörunni.

Október

- Fimmtudaginn 1. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér í 3 hópa og léku sér bæði inni og í garðinum með leikskólabörnunum.
- Miðvikudagana 7. og 14. fór Furuhópur (elsti árgangur leikskólans) í heimsókn í heimilisfræði og myndmennt hjá 5. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Mánudag 19. var náttfatadagur. Þann dag var tekin stund á hverri deild til að skemmta sér í náttfötunum. Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla kom á náttfataball með Furuhóp milli kl 10 og 11.
- Þriðjudaginn 27. héldum við upp á alþjóðlega bangsadaginn með því að börnin fengu að koma með bangsa með sér í skólann.

Nóvember

- Mánudag 2. kom 6. bekkur að mála vinamyndir með Furuhóp.
- Fimmtudag 5. var rugldagur. Snéru fötin þá öfugt á einhvern hátt, eða sokkarnir voru ósamstæðir. Matartímarnir rugluðust líka eitthvað svo hádegismaturinn var síðdegis og kaka í morgunmat o.s.frv.
- Mánudag 9. fór Furuhópurinn í Varmahlíðarskóla að ljúka við vinamyndirnar með 6. bekk.
- Miðvikudag 11. var hattadagur. Þá mætti fólk með ýmiskonar hatta og húfur.
- Föstudagana 13. og 20. fór Furuhópur, helmimgur í senn, í tölvutíma með 2. bekk í Varmahlíðarskóla.
- Mánudag 16., í tilefni af degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskólabörnin.
- Mánudag 23. var pólskur dagur. Gerðar voru pastakökur, sem fylltar voru með hakki. Svo voru skoðaðar myndir og litaður fáni.
- Mánudaginn 30. kom 3. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Þau skiptu sér niður á Könglaland, Kvistaland og Furuland, voru u.þ.b. 20 mínútur á hverjum stað og skiptu síðan, þannig að allir fengu að fara á öll svæðin. Á hverju svæði tóku þau þátt í því starfi sem þar var í gangi.

Desember

- Fimmtudaginn 10. voru bakaðar piparkökur.
- Miðvikudaginn 16. tók Furuhópurinn þátt í Tarsanleik í íþróttahúsinu ásamt 1., 2. og 3. bekk Varmahlíðarskóla.

- Fimmtudaginn 17. fór Furuhópurinn í Varmahlíðarskóla og fékk að sjá hluta af því sem grunnskólabörnin voru búin að æfa fyrir litlu jólin.
- Föstudaginn 18. var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar og systkini líka boðin. Var það haldið í setustofunni í Varmahlíðarskóla þar sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins þrjú leikskólabörn sem ekki komu. Stefán Gíslason spilaði á harmonikku, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, safa og piparkökur.
- Foreldrafélagið stóð fyrir brúðuleiksýningu þriðjudaginn 22. kl 14. Það var sýningin Pönnukakan hennar Grýlu í flutningi Berndts Ogordnik. Það kom slatti af börnum þó komið hafi verið nærri jólum. Þorrablótsnefnd Akra-, Lýtingsstaða- og Staðarhrepps 2009 greiddi sýninguna. Á eftir voru piparkökur og kókómjólk í boði K.S. Varmahlíð.

Janúar

- Þriðjudaginn 5. kom 4. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn. Heimsóknin hafði verið fyrirhuguð í desember en var frestað þá vegna veikinda umsjónarkennarans.
- Mánudaginn 11. kom 1. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék við leikskólabörnin.
- Föstudaginn 29. var haldið upp á 11 ára afmæli Birkilundar með því á bjóða foreldrum til morgunverðar. Var boðið upp á hafragraut, slátur, brauð og súrmat. Voru það 15 manns sem þáðu það boð.

Febrúar

- Þriðjudagana 2. og 16. fór Furuhópurinn upp í Varmahlíðarskóla. Annar helmingurinn fór í smíðar og hinn í textílmennit með 10. bekk. Í seinna skiptið fóru þau í smíðar sem áður höfðu farið í textílmennit og þau sem höfðu farið í textílmennit fóru í smíðar.
- Fimmtudaginn 4. fór Furuhópurinn á dýrasýningu hjá 2. bekk Varmahlíðarskóla. Þar voru kynnt ýmis dýr og hvar á jörðinni þau væru. Einnig var kynntur matur frá mismunandi stöðum.
- Í tilefni af degi leikskólans, 6 febrúar, fórum við í gönguferð um Varmahlíð föstudaginn 5. Í broddi fylkingar héldum við á borða með nafni leikskólans.
- Fimmtudaginn 11. kom 5. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn.
- Á öskudaginn, 17. febrúar, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig. Það var snakk í tunnunni og harðfiskur frá Kauppingi.

Mars

- Fimmtudaginn 4. kom 6. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund og lék við leikskólabörnin.
- Miðvikudaginn 10. komu börn úr tónlistarskóla Skagafjarðar í heimsókn. Það var spilað á flautur, harmonikkur, gítara o.fl.
- Miðvikudaginn 17. var færeyskur dagur. Við skoðuðum myndir frá Færeyjum og fáninn var litaður.
- Miðvikudaginn 17. fór Lerkihópur í heimsókn í slökkvistöðina. Guðmundur slökkviliðsstjóri tók á móti þeim þar og sýndi þeim búnað og aðstöðu.
- Myndlistarsýning var laugardaginn 20. frá kl 14:30-17:00. Foreldrafélagið sá um kaffi. Voru það rúmlega 40 manns sem mættu á sýninguna. Þótti okkur það frekar fátt og verður því skoðað að hafa sýninguna á öðrum tíma næsta vetur.
- Miðvikudaginn 24. mars kom 2. bekkur Varmahlíðarskóla í heimsókn og lék við leikskólabörnin.

Apríl

- Fimmtudaginn 15. fór árgangur 2006 ásamt 1 kennara upp í Víðimýri og skoðaði þar kirkjuna og garðinn.
- Miðvikudaginn 21. fór Furuhópur á lokaæfingu á Ávaxtakörfunni sem var ársrhátíðarverkefni 1.-6. bekkjar Varmahlíðarskóla.
- Mánudaginn 26. var farið í sveitaferð með öll börnin sem voru í leikskólanum. Við fórum í Syðri-Hofdali. Þar sáum við kindur og geitur. Við urðum vitni að því þegar lamb kom í heiminn. Borðuðum nesti fyrir utan í ágætis veðri.
- Þriðjudaginn 27. fór Furuhópurinn í náttúrufræði með 8. bekk Varmahlíðarskóla. Var það útitími þar sem skoðuð voru tré.
- Miðvikudaginn 28. kl. 14 fórum við með þau börn sem þá voru í okkar umsjá upp í Íþróttahúsið í Varmahlíð á sæluvikusýningu í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Það var leikritið: „Alli Nalli og tunglið“ í flutningi Möguleikhússins.

Mái

- Miðvikudaginn 5. fór Furuhópurinn í sund með 9. bekk Varmahlíðarskóla.
- Mánudaginn 10. fór Furuhópurinn í gönguferð með 1., 2. og 3. bekk Varmahlíðarskóla. Gengið var niður að Húseyjarkvíslinni og að Hestavígshamri. Það var norðan gola og frekar svalt.

- Miðvikudaginn 12. fór Furuhópur í heimsókn í Byggðasafnið í Glaumbæ, þar sem starfsmaður safnsins sýndi þeim það markverðasta sem þar var að sjá. Á eftir borðuðu þau hamborgara í K.S.Varmahlíð.
- Miðvikudaginn 19. kl 10:30 var 1. bekk Varmahlíðarskóla og leikskólabörnunum boðið á lokæfingu á leikritinu um Mjallhvíti og dvergana sjö í flutningi Furuhóps. Kl 14 þann dag var útskrift úr Furuhóp. Fjölskyldum barnanna var boðið að koma. Börnin fluttu leikritið um Mjallhvíti, fengu síðan afhent kveðjuskjal og rós. Síðan var boðið upp á kökur, mjólk og kaffi.
- Miðvikudaginn 26. voru settar niður kartöflur.
- Fimmtudaginn 27. var Reykjarhólsdagur. Þann dag var gengið á Reykjarhólinn með svala og brauð í nesti. Það voru 4 elstu árgangar leikskólans sem gengu á hólinn. Yngri börnin fóru í skóginn við hliðina á leikskólanum, léku sér þar og fengu nesti. Veðrið var heldur svalt og dumbunglegt.

Júní

- Fimmtudaginn 10. stóð foreldrafélagið fyrir sumarhátíð í garðinum við leikskólann frá kl 16 til 18. Það var ágætis mæting. Veðrið var þurrt en frekar svalt. Farið var í leiki í garðinum. Síðan voru grillaðar pylsur og boðið upp á skyrís á eftir þeim. Börnin fengu afhent höfuðbuff með nafninu sínu að gjöf frá foreldrafélaginu.
- Föstudaginn 25. var lummudagur. Þá var opið hús frá kl 13-16 og boðið upp á lummur og kaffi. Það voru nokkrir velunnarar og nágðannar sem gerður sér ferð til okka og þáðu veitingar.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2009

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F. h.	E. h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2004	8,4	3,8	7	2	9	57,9	5,8
Árg. 2005	9,2	4,6	5	5	10	61,9	7,7
Árg. 2006	3,6	2,0	3	1	4	25,1	4,1
Árg. 2007	4,6	3,8	5	1	6	33,3	6,6
Árg. 2008	4,6	2,2	2	4	6	31,8	8,0
	32,8	19,4	22	13	35	210	32,2

4. Starfsmannahald

1. des 2009

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		Fæðingarorlof	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	4	3,72	4	3,72		
Grunnskólakennarar	1	1,00	1	1,00		
Ófagl. starfsmenn	6	4,05	6	4,05		
Eldhús	1	0,6	1	0,6		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	13	9,75	13	9,75		

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda.

6. Skólanámskrá

Skólanámskrá var unnin í júní 2007 og rædd á starfsmannafundum þann vetur. Hún var kynnt fyrir foreldrum á fundi 14. október 2008. Hún var birt á heimasíðu Birkilundar vorið 2009 og er til prentuð í nokkrum eintökum í leikskólanum.

7. Sérkennsla

Í ágúst var Guðbjörg Sigfúsdóttir ráðinn sérkennslustjóri við leikskólann en auk hennar voru 2 stuðningsaðilar starfandi. Það voru 3 börn sem áttu rétt á stuðningi samkvæmt þeirri greiningu sem þau hafa hlotið.

Inga Huld talmeinafræðingur hefur komið nokkrum sinnum til að meta og endurmeta börn. Það eru 6 börn sem hún hefur hitt í vetur. Sum aðeins einu sinni en önnur oft. Hún hefur gefið okkur góð ráð og leiðbeiningar um hvernig hægt er að vinna með börnin. Hafa þau verið í þjálfun ein eða með öðrum eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Stúlka með Downs-heilkenni hefur verið með stuðningsaðila og fengið sérkennslu. Er ýmist unnið með hana í barnahópnum eða eina. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar. Guðbjörg hefur skipulagt stuðninginn og séð um einstaklingskennslu ásamt því að veita stuðning í hópnum. Hún hefur búið til kennslugögn og einnig nýtt sér Irene námsefni, sem verið er að þýða yfir á íslensku. Teymisfundir voru haldnir 22. september, 10. nóvember, 26. janúar, 2. mars, 20. apríl og 8. júní. Þar hittust Dóra Heiða

þroskaþjálfari, Fanney sjúkraþjálfari, Inga Huld talmeinafræðingur, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda deildarstjóri og Steinunn leikskólustjóri auk foreldra og ræddu stöðu barnsins og framhald þjálfunar.

Einn einhverfur drengur og annar á einhverfurófi voru í leikskólanum í vetur. Þeir nutu báðir stuðnings og sérkennslu. Dóra Heiða þroskaþjálfari hefur verið okkur til leiðsagnar en Guðbjörg hefur skipulagt stuðninginn og séð um hann að nokkrum hluta. Teymisfundir vegna þessara drengja voru haldnir 6. október, 17. nóvember, 19. janúar, 9. mars og 11. maí. Þar hittust Dóra Heiða þroskaþjálfari, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda deildarstjóri, Steinunn leikskólustjóri og foreldrar drengjanna.

8. Fundir og önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 13. október. Selma Barðdal kynnti vinaverkefni, sem unnið er að í Skagafirði. Markmið þess er að ekkert barn í Skagafirði sé vinalaust. Steinunn fór yfir helstu atriði í vetrardagskránni, barnafjölda og starfsmenn. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum í mars og apríl þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Í vetur hafa verið haldnir 2-4 deildarstjórafundir í mánuði, 13 fundir voru haldnir fyrir áramót og 10 eftir áramót, alls 23 fundir á starfstímanum og voru þeir allir innan venjulegs vinnutíma.

Fagfundir, þar sem hittist fagmenntað starfsfólk leikskólans og ræddi félagsmál og málefni leikskólans, voru 3 í vetur. Voru þeir haldnir innan vinnutíma starfsfólksins.

Starfsmanna- og deildafundir hafa verið haldnir á 3 - 4 vikna fresti og voru þeir alls 7. Hafa þeir verið haldnir kl 16-19, ýmist á þriðjudögum eða fimmtudögum. Einnig voru starfsmanna- og deildafundir á skipulagsdögum bæði að hausti og vori. Deildarfundir fyrir Könglaland hafa auk þess verið haldnir á þriðjudögum frá kl 13-14 í 2 skipti í vetur.

Í febrúar hófst vinna við SMT. Var skipað teymi, sem í sitja Steinunn leikskólustjóri, Guðbjörg sérkennslustjóri, Linda og Sigríður deildarstjórar. Teymið hefur hist hálfsmánaðarlega á þriðjudögum kl 14-15:30. Selma Barðdal leiðir vinnu teymisins. Alls hittist teymið 7 sinnum. Stefnt er að áframhaldandi vinnu teymisins í haust en gert er ráð fyrir árs vinnu í teyminu áður en farið verður að innleiða SMT í starfið.

Starfsmannapóstur var gefinn út í september og febrúar þar sem komu fram atriði sem gott var fyrir starfsmenn að hafa hjá sér, t.d. áætlaðir fundatímar.

Leikskólastjórar allra leikskólanna í Skagafirði hafa hist reglulega, ýmist með Herdísi fræðslustjóra eða á vinnufundum. Fyrir áramót voru 5 slíkir fundir, en eftir áramót voru 4 fundir. Voru aðstoðarleikskólastjórar/staðgenglar með á tveimur fundum.

Sara Gísladóttir nemi í grunnskólakennarafræðum var í verknámi á Könglalandi 7.-11. okt. undir handleiðslu Lindu Björnsdóttur.

9. Símenntun

Skipulagsdagur að hausti var mánudaginn 17. ágúst. Fyrir hádegi var unnið í leikskólanum. Var fyrst sameiginlegur fundur þar sem farið var yfir nokkra kafla í starfsmannahandbók. Eftir það var farið í innara matið. Síðan voru deildafundir. Eftir hádegi var sameiginlegur fundur þar sem farið var yfir ýmislegt er tengist starfsemi leikskólans og síðan kynnt viðbragðsáætlun Birkilundar vegna inflúensufaraldurs. Eftir það voru deildafundir og vinna á deildum.

Boðað var til haustþings á Hvammstanga fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 25. september 2009. Það var Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur sem var fyrirlesari. Fyrir hádegi flutti hún fyrirlestur sem bar yfirskriftina: Kvennavinnustaður - notalegt bakland eða köld kvennaráð. Eftir hádegi var yfirskriftin: Að vita hvar maður stendur, það er málið. Fjallað um aga og sjálfsmynd barna.

Priðjudaginn 15. sept. hófu Guðbjörg, Linda og Sigríður setu á námskeiði um PMT. Það var haldið á Sauðárkróki. Fór það fram í tveggja daga lotum í 4 skipti. Lauk því með útskrift föstudaginn 15. janúar.

Föstudaginn 2. október var Linda á trúnaðarmannanámskeiði á vegum FL, sem haldið var á Akureyri.

Föstudaginn 23. október fóru Laufey og Sonja á námskeið í tónlist á Akureyri. Það var Elfa Lilja Gísladóttir sem var með þetta námskeið í tengslum við útgáfu bókarinnar: „Hring eftir hring“ sem er kennsluefni í tónlist og hreyfingu.

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var haldinn á Hólum fimmtudaginn 18. febrúar. Þá kom Edda Björgvinsdóttir með námskeiðið: Gaman í vinnunni.

Fimmtudaginn 4. og föstudaginn 5. mars var Linda á námskeiði í Reykjavík, sem bar yfirskriftina: Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólabarna.

Mánudaginn 29. mars kom Linda Sigfúsdóttir í Birkilund með 1 ½ tíma námskeið um tónlistarspilið: *Gaman saman* með Pétri og úlfinum. Þetta námskeið sátu 10 starfsmenn Birkilundar, Kristín Halla tónlistarkennari og 3 starfsmenn Tröllaborgar.

Starfsdagur var þriðjudaginn 6. apríl. Dagurinn hófst á sameiginlegum fundi þar sem farið var í innra mat. Síðan kom Selma Barðdal með innlegg um skýr og óskýr fyrirmæli. Síðasti hálf tíminn fram að hádegi var nýttur fyrir sameiginlegan fund. Eftir hádegi kom Margrét Arnardóttir náms- og starfsráðgjafi og kynnti sitt starf. Eftir það voru deildarfundir og vinna á deildum.

Margrét námsráðgjafi kom mánudaginn 19. apríl og fimmtudaginn 6. maí. Það voru 10 manns sem nýttu sér það að fara í gegnum áhugasviðskönnun og fá einstaklingsráðgjöf.

10. Tölvumál

Nettengd tölva er á skrifstofu leikskólustjóra og á kaffistofu. Auk þess eru tvær fartölvur. Hafa þær verið nýttar aðeins í sérkennslu en aðallega fyrir undirbúning kennara. Ein gömul tölva er staðsett í Furulandi og hafa börnin aðgang að henni.

11. Þróunarverkefni

Haldið var áfram með verkefnið „*Gaman saman*“, sem hefur það að markmiði að auka samskipti milli Varmahlíðarskóla og Birkilundar, efla félagaproska nemenda og auðvelda börnunum að flytjast á milli skólastiga. Verkefnið felst í gagnkvæmum heimsóknum milli skólanna. Fulltrúar í skipulagshóp í vetur voru Birgitta Sveinsdóttir, Lára Gunndís Magnúsdóttir og Sara Gísladóttir frá Varmahlíðarskóla en frá Birkilundi voru Linda Björnsdóttir og Steinunn Arnljótsdóttir.

12. Mat á skólastarfi

Notaður er matslistinn „*Barnið í brennidepli*“. Á skipulagsdegi í ágúst var farið í lykilkætti 2 (árangursvísi 2.1) og 7 (árangurvísar 7.1, 7.2, 7.3, 7.4, 7.5). Í mars fyllti starfsfólk út gátlista þar sem hverjum þætti var gefin einkunn. Í framhaldi af því var svo fjallað um árangursvísa 3.2 og 3.3 á skipulagsdegi 6. apríl. Samantekt eftir þessar umræður fylgir með skýrslunni. Innra starfið fær ágæta einkunn þó þar sé að sjálfsögðu hægt að bæta sig. Það sem vantar helst er rými fyrir starfsfólk og svo starfareglur um endurmat á áætlunum og þróunaráætlun fyrir umbætur. *Sjá fylgiskjal 3.*

15. Framkvæmdir

Í mars kom loksins að því að farið var að vinna í því að koma hitalögninni undir gangstéttinni í lag. Þegar lagnir voru þrýstiprófaðar fannst gat á einum stað. Eftir að það hafði verið lagað og lagnirnar tengdar aftur fóru hlutirnir að virka. Er það aðeins í tröppunum sem lögnin virðist lítið virka en annars staðar virkar hún vel.

Bætt var við einni hillu í fönðurherbergi á Könglalandi fyrir körfur og önnur sérkennslugögn þar sem hinar tvær voru orðnar fullar. Einnig voru settar upp tvær hillur á salerni starfmannanna og settar þar körfur fyrir starfsfók til að geyma persónulega muni.

16. Gjafir og styrkir

Úr sáttmálasjóð K.S. og sveitarfélaganna í Skagafirði hlaut leikskólinn 160.000 kr styrk til greiðslu á launum tónlistarkennara. Kvenfélag Akrahrepps gaf leikskólanum matreiðslubókina: Næring og nautnir, sem félagið gaf út fyrir jólin. Foreldrafélagið færði leikskólanum að gjöf á afmælisdeginum 2 geisladiska frá sogustund.is. Annar heitir Norðurljós og er með íslenskum ævintýrum. Hinn heitir Regnbogi og er með ævintýrum úr ýmsum áttum.

Varmahlíð 24. ágúst 2010

Steinunn Arnljótsdóttir